

Nd.

164. Frumvarp

til laga um Ríkisbanka Íslands.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

I. kafli.

Skipulag bankans og tilgangur.

1. gr.

Ríkisbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, og skal tilgangur hans vera:

1. að hafa á hendi útgáfu bankaseðla innan þeirra takmarka, er þarf til þess að fullnægja gjaldmiðilspörf í innanlandsviðskiftum.
2. að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir augum, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og baldi síðan áfram að vera almennur gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri og með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar bag-sveiflur hafi í för með sjer.
3. að annast veðlánastarfsemi í landinu samkvæmt lögum um Ríkisveðbanka Íslands, með þeim breytingum, er á þeim lögum verða gerðar og leiða af því, að ríkisveðbankinn verður önnur deild ríkisbankans.

2. gr.

Ríkissjóður leggur bankanum til gullforða eftir því sem þörf krefur, til tryggingar seðlum þeim, er hann gefur út, og telst það fje stofnfje bankans.

II. kafli.

Seðlaútgáfa bankans.

3. gr.

Ríkisbanki Íslands hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla, eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna á milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, sem leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögum forstjórnar bankans, lögum og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og hirtir auglýsingar um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, sem bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur. Seðlar þeir, sem bankinn

gefur út, skulu vera gjaldgengir í rikissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli, með fullu ákvæðisverði. Hver sá, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búið að láta hann út. — Rjett er bönkum að halda eftir fólsum seðlum gegn kvittun til handhafa.

4. gr.

Bankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta.

Þegar alveg sjerstaklega stendur á, getur rikisstjórnin veitt bankanum leyfi til að innleysa seðla sína með ávisun á innieign hans erlendis.

5. gr.

Bankanum er heimilt að gefa út seðla eftir því, sem gjaldmiðilsþörf krefur, gegn því að hann:

1. eigi gullforða, er nemi $\frac{3}{4}$ af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforða.

6. gr.

Til gullforða teljast:

- a. lögleg, gjaldgeng gullmynt.
- b. ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skiru gulli.
- c. innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankastjórnin álitur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi fram yfir $\frac{1}{4}$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum. Þó má til þessa hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 kr. í einu.

7. gr.

Bankanum skal skylt að gefa ráðherra þeim, sem fer með bankamál, á hverjum mánuði skýrslu um seðla í umferð og gullforðann.

Beri skýrsla þessi það með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lög-mælt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu, í síðasta lagi í lok eftirfarandi mánaðar.

III. kafli.

Bankastarfsemi bankans.

8. gr.

Ríkisbanki Íslands hefir heimili sitt, skrifstofur og varnarþing í Reykjavík.

9. gr.

Bankanum er heimilt að taka við fje til geymslu og innlögum á dálk eða í hlaupareikning, en enga vexti má bankinn greiða af slíku fje.

10. gr.

Bankanum er heimilt:

1. að kaupa vixla af peningastofnunum þeim, sem reka bankastarfsemi hjer á landi.
2. að veita hönkum þeim, sem reka starfsemi sína hjer á landi, reikningslán, er trygð skulu vera með auðseljanlegum verðbrjefum.
3. að kaupa og selja erlenda mynt.

11. gr.

Bankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvikjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hverri upphæð sem er í skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri skiftimynt en bankastjórninni þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

IV. kafli.

Stjórn bankans.

12. gr.

Í stjórn bankans eru þrir bankastjórar. Þeir skulu ráðnir með 6 mánað að uppsagnarfresti, þó þannig, að segja megi bankastjóra upp tafarlaust, en launum sínum skal hann þó halda í næstu 6 mánuði eftir að hann fór úr bankanum, nema hann hafi gert sig sekan um alvarlegar misfellur í starfi sínu. Ávalt skal að minsta kosti meiri hluti ríkisstjórnarinnar vera samþykkur, er skipa skal bankastjóra, segja honum upp stöðunni eða vikja honum frá, og skal það ákveðið á ráðherrafundi. Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórarastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

13. gr.

Stjórn bankans skal halda daglega gerðabók yfir allar lánsráðstafanir og lánssynjanir í báðum deildum stofnunarinnar, og skrifar stjórn bankans öll undir. Ef einhver úr bankastjórninni er fjarverandi um sinn, ber hann ábyrgð á öllu því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann geri ágreiningsatkvæði um það í dagbókina.

Meiri hluti ræður úrslitum í bankastjórninni, og þarf undirskrift tveggja bankastjóra, svo að skuldbindandi sje fyrir bankann.

14. gr.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, ákveður laun þeirra og vikur þeim frá með 6 mánaða uppsagnarfresti. Svo getur hún vikið starfsmanni frá fyrirvaralaust, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

15. gr.

Kvittanir bankans eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun hókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má ekki greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra.

16. gr.

Endurskoðunarmenn skulu vera tveir við bankann, og kys sameinað Alþingi annan þeirra til tveggja ára í senn, en hinn endurskoðunarmanninn tilnefnir ráðherra. Þá má endurkjósa. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans og rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur hans. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort fje bankans og eignir sjeu fyrir hendi.

17. gr.

Bankastjórnarnir skulu hafa að launum 12000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar af allri launaupphæðinni, en laun þessi hækka þannig, að bankastjórnarnir fá kr. 15000,00 á ári auk dýrtíðaruppbótar, er ríkisveðbankinn tekur til starfa.

Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð bankans.

18. gr.

Bankastjórnarnir mega ekki hafa önnur embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

V. kafli.

Reikningsskil og arður.

19. gr.

Starfsár bankans er almanaksár. Ársreikning hans skal birta í Stjórnartíðindum og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi þremur mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans.

20. gr.

Af tekjum á árinu greiðist allur kostnaður bankans. Þó má skifta kostnaði við seðlagerð og byggingar, ef til kemur, niður á 10 ár.

21. gr.

Afgangur árstekna skal leggjast í varasjóð bankans uns hann nemur einni miljón króna. Þar eftir renna tekjur hans í rikissjóð. Varasjóðnum skal komið í útlend áreiðanleg verðbrjef, sem metin eru í útlendum kauphöllum.

22. gr.

Hrökkvi árstekjur bankans eigi til að bera ársútgjöldin eitthvert ár, eða töp, sem fyrir kynnu að koma, ber varasjóður tapið. Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða varasjóðinn, skal hann jafnskjótt og unt er auka hann aftur, þangað til hann hefir náð sinni fullu upphæð.

VI. kafli.

Ýms ákvæði.

23. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhöpp.

24. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja verðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við upphöð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara.

25. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til rikissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávisanir og skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í hans nafni, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum hand-

veðsrjett, og öll framsöl á eignum og skuldabryfum frá bankanum eða til hans, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

26. gr.

Ráðherra setur reglugerð fyrir bankann um reikningsfærslu, bókhald, um lögum og útlit seðla hans, um undirskrift seðlanna og ónýting þeirra, um hversu lengi bankinn skuli vera opinn daglega, hvernig fjárhirslur skuli vera gerðar o. s. frv.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

27. gr.

Þegar bankinn tekur til starfa, skal svo fljótt, sem við verður komið, innkalla alla 5, 10 og 50 kr. seðla Landsbankans, sem gefnir hafa verið út samkv. lögum nr. 14, 18. sept. 1885, lögum nr. 2, 12. janúar 1900, og lögum nr. 7, 4. maí 1922. Stjórnarráðið setur reglugerð um innköllun seðlanna.

Afgjald Landsbankans af þessum seðlum til rikissjóðs og byggingarsjóðs fellur niður frá árslokum á því ári, er innköllun seðlanna er auglýst.

28. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að taka nauðsynleg lán til gullforðakaupa handa bankanum. Ennfremur leggur rikissjóður bankanum til fje, til þess að koma honum á fót.

29. gr.

Ákvæði 4. gr. um seðlainslausn og gullkaup ganga í gildi þegar gengi á seðlum bankans í tvö ár hefir verið skráð svo, að ekki muni meira en $1\frac{1}{4}\%$ frá gullverði, nema öðruvisi verði áður með lögum ákveðið. Þangað til getur og ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 6. gr. c-lið, um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr $\frac{1}{4}$ alls gullforðans.

30. gr.

Um leið og bankinn tekur til starfa fellur úr gildi 1. gr. laga nr. 7, 4. maí 1922; svo falla þá og úr gildi öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Almennar ástæður fyrir frumvarpi þessu eru í nefndaráliti minni hluta bankanefndarinnar, og læt jeg nægja að skirskota til þess. Athugasemdir við einstakar greinir frumvarpsins tek jeg hjer upp, samhljóða nefndaráliti minni hlutans.

Við 1. gr.

Greinin er að efni samhljóða fyrstu grein í »frumvarpi til laga um Landsbanka Íslands«, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi 1925, að öðru leyti en því, sem beint leiðir af því, að bankanum er ekki ætlað að fást við almenn banka- viðskifti og að til er ætlast, að Ríkisveðbanki Íslands verði sameinaður honum. Að svo stöddu hefir ekki þótt ástæða til að bera fram breytingar á lögunum um ríkisveðbankann, þar sem enn er óvíst, hvort þetta skipulag verður upp tekið, enda ekki fast ákveðið, hvenær sú starfsemi bankans eigi að hefjast.

Við 2. gr.

Hjer er ákveðið, að ríkissjóður skuli leggja gullforða til tryggingar seðlunum, og er bankanum ekki ætlað annað stofnfje. Upphæðin er ekki ákveðin, vegna þess að seðlaútgáfan er óákveðin.

Við 3. gr.

Greinin er sama efnis sem 3. gr. stjórnarfrumvarpsins um Landsbankann frá 1925, að öðru en því, sem leiðir af því, að skipulag bankans er annað en þar var gert ráð fyrir.

Við 4. gr.

Ekki þykir ástæða til að skylda bankann til að kaupa ómyntað gull af hverjum, sem þess æskir, eins og gert var í stjórnarfrv., en tekin er upp heimild fyrir bankann til þess að innleysa seðla með ávísunum á innieign erlendis.

Við 5. og 6. gr.

Samhljóða tilsvarendi greinum (5. og 6. gr.) í stjórnarfrumvarpinu, nema ákvæðið um útibúin er að sjálfsögðu felt niður.

Við 7. gr.

Greinin svarar að efni til 8. gr. í stjórnarfrumvarpinu.

Við 8., 9. og 10. gr.

Greinir þessar virðast eigi þurfa sjerstakra skýringa.

Við 11. gr.

Þessi grein er samhljóða 14. gr. stjórnarfrv., en ástæða þykir að vekja athygli á því, hvort eigi væri rjettast að fela bankanum algerlega útgáfu skiftimyntarinnar.

Við 12. gr.

Hjer er lagt til, að stjórn bankans sje skipuð með sama hætti sem stjórn Landsbankans er nú. Litið svo á, að bankaráð mundi ekki koma að tilætlingum notum.

Við 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til tryggingar því, að bankastjóri geti eigi orpið af sjer ábyrgð með afskiptaleysi sínu af ráðstöfunum bankans.

Við 14. gr.

Rjett þykir, að bankastjórnin ráði alla starfsmenn bankans og ákveði laun þeirra, vegna samvinnu innan bankans, enda ber bankastjórnin alla ábyrgð á rekstri hans.

Við 15. gr.

Parf eigi skýringa, enda nær óbreytt 26. gr. stjórnarfrumvarpsins.

Við 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eru hin sömu, sem nú gilda um endurskoðunar-menn Landsbankans.

Við 17., 18., 19., 20. og 21. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

Við 22. gr.

Það er athugandi í sambandi við þessa grein, hvort ríkissjóður ætti að bera takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð á fjárreiðum bankans, t. d. þannig, að ef varasjóður bankans skerðist, þá skyldi ríkissjóður bæta hallann.

Við 23., 24. og 25. gr.

Ákvæði þessara greina eru í samræmi við 41.—43. gr. stjórnarfrumvarpsins.

Við 26. gr.

Virðist eigi þurfa skýringar.

Við 27. gr.

Hjer er (sbr. einnig 3. gr.) gert ráð fyrir, að ríkisbankinn einn gefi framvegis út seðla hjer á landi og seðlar Landsbankans verði dregnir inn. Jafnframt má gera ráð fyrir því, að ríkissjóður bæti Landsbankanum upp þann halla, er hann býður við missi þessara seðla sinna, með því að leggja honum aukið stofnfje að sama skapi.

Við 28. gr.

Í niðurlagi greinarinnar er átt við óhjákvæmilegan stofnkostnað bankans, svo sem prentun seðla í fyrstu, áhaldakaup og annan kostnað, sem með þarf, til þess að bankinn geti tekið til starfa.

Við 29. gr.

Sbr. 44. gr. stjórnarfrumvarpsins.